

# ÍSLENSK TUNGA OG ÍSLENSKAR UPPGÖTVANIR

## I

Rúmlega 31 ár er nú liðið síðan ég fór fyrst að virða fyrir mér eðli svefnsins eða reyna til að skilja þann mikla mun, sem er á hvíld manns, sem liggur út af, eftir því hvort hann vakir eða sefur. Með tímanum varð spurningin sem fyrir mér lá þannig: Hvað er það að sofa, og hvernig stendur á því að menn þurfa að sofa? Seinni spurningin er nú að vísu óþörf, þegar fengið er svar við hinni fyrri. En það vissi ég ekki þá. Mjög lengi velti ég þessu fyrir mér án þess að ná verulega tökum á rannsóknarefninu. Þó liðu ekki mörg ár áður mig fór að gruna, að um nokkurskonar hleðslu væri að ræða. En við það sat og ég komst ekki lengra. Tæpum 5 árum eftir að ég fór að virða fyrir mér eðli svefnsins, ásetti ég mér að taka draumlífið sérstaklega til athugunar. Og þó ég vissi ekki af því, þá hafði ég þar tekið hina réttu leið til að fá vitneskju um hvað sjálfur svefninn er. Því að nú veit ég það. Og sá sem heldur að ekki sé að marka það, sem ég segi um þetta efni eftir 31 árs viðleitni á að skilja það, er ekki mannþekkjari, hvað sem hann — eða hún — annars kann að hafa til síns ágætis. Ég veit að í svefni verður innstreymi kraftar, eða magnan, sem endurnýjar lífið í líkamanum og hressir einkum við heilann og taugarnar. Og með nokkurri æfingu má læra að skynja glögglega þegar þessi kraftur byrjar að streyma inn í líkamann, og hvernig með þessum straumi berast inn í hugann utanað, myndir, hugsanir og tilfinningar. Draumlífið er byrjað, jafnskjótt og manni fer að renna í brjóst.

## II

Þessi nýja og íslenska þekking, sem nú var á vikið, hefir lítt átt stuðningi að fagna af hálfu íslenskra vísindamanna og rithöfunda, enn sem komið er. Og þarf að vísu engan að furða. Menn hafa, hér á jörðu, verið til alls fúsari en veita sannleikanum fylgi. En því stórkostlegri sem sannleikurinn er, því meiri mann þarf til að leggja honum lið. Og menn geta verið mikils verðir, og um margt vel að sér, þó að mikið skorti á þá visku og það göfuglyndi sem hér þarf með. Því að með þeirri uppgötvun sem hér ræðir um, hefst ný öld í sögu mannkynsins. Þetta er uppgötvunin epi sótería, upphafið að því að koma mannkyninu af Helvegi. Læknisfræðin og læknarnir hafa gert og gera afarmikið gagn og eiga lífið í milljónum, að heita má. En þó hefir svo verið hingað til, að þeir hafa jafnan síst fengið hjálp, sem helst þurftu hennar við. Maðurinn er ófarsælasta veran sem þessa jörð byggir og að bjarga mannkyninu, er að breyta þessu. Líf er ekki líf til fulls, fyrr en það er sama sem farsæld. En með því að uppgötva, að svefninn er blátt áfram innstreymi lífsafls, er byrjun gerð til þess að ná þannig tókum á þessu afli sem er lífið sjálft, að læknarnir geti hjálpað, og það undireins, hverjum einum sem veikist eða meiðist. Og lengra fram munu menn læra að koma í veg fyrir að lífsaflíð þrjóti. Verður þá allri hrörnun lokið. Að eldast verður þá ekki sama sem að gamlast, heldur sama sem að eflast og þroskast. Og þá fyrst verður dauðinn sigraður. Vér munum þá yfirgefa þessa jörð, ekki af því að líkaminn sé ónýtur orðinn, heldur af því að vér höfum náð þeim þroska að vér getum komið fram í fullkomnara mannfélagi en hér er kostur á.

## III

Hlutverk hinnar íslensku þjóðar er að hjálpa mannkyninu til að átta sig og komast á rétta leið. Athugun íslenskrar tungu nægir nálega til að sýna að þetta er rétt. Tungan vissi t.d. fyrir löngu að svefninn er innstreymi í líkamann.

Þegar maður sofnar, er sagt, að honum renni í brjóst. Og jafnvel ennþá berar er að orði komist. Rann á hann höfgi,

segir Snorri um Ólaf helga (Heimskringla, útg. F. J. 1912, s. 389); og ennfremur: Þá rann á hann svefn, sama bók s. 393. Ekki veit ég til þess, að í hinum ágætustu málum, grísku og latínu sé þannig að orði komist, og bendir þetta til þess, að norrænir fornmenn hafi betur en aðrir tekið eftir því sem verður, þegar maður sofnar. Og speki norrænna og íslenskra fornmannanna virðist jafnvel hafa náð ennþá lengra í þessum efnum. Ég fór ekki að átta mig á hinu merkilega lögmáli, sem ég hefi kallað law of determinants, stillilögmál, fyrr en 12 árum eftir að ég hafði sérstaklega farið að veita draumlífínu eftirtekt. Stillilögmálið kemur í þessum efnum þannig fram, að bein geislanaráhrif frá öðrum, ákveða mjög og skapa drauma vora. En það er svo að sjá, sem íslenskir fornmenn hafi þegar veitt þessu nokkra eftirtekt. Þorvarður Þorgeirsson segir frænda sínum Guðmundi Arasyni, sem seinna varð biskup (Guðmundur góði), drauma sína. Þykir honum í draumi, Ólafur helgi segja við sig: Kom þú heill og sæll Þorvarður, þú munt blessaður um öll Norðurlönd (Sturlunga, Rvík 1908, s. 214). Nú veit ek, at þú átt þessa drauma, segir Þorvarður, og er ekki ólíklegt, að hann hafi rétt sagt á þann hátt, að draumarnir hafi til orðið fyrir stilliáhrif frá Guðmundi.

Íhugun íslenskrar tungu bendir þannig til þess, að það sé íslenskt hlutverk að átta sig á því efni sem svo er áriðandi, að uppgötvunin á eðli svefns og drauma mun verða talin marka ennþá þýðingarmeiri tímamót í sögu mannkynsins, heldur en þegar það lærðist, endur fyrir löngu, að kveikja upp eld. Það má svo að orði komast, að sú uppgötvun hafi fyrst verulega gert dýrið að manni. En uppgötvunin á eðli svefnsins kemur manningum á leiðina til þess að verða guð.

2.—27. sept. '28